

Æskulýðsstarf Geysis 2021 – 2022



Það er gaman að loksins geta sent frá sér skýrslu með nokkuð eðlilegu æskulýðsstarfi eftir frekar erfið ár vegna COVID. Hér fyrir neðan verða helstu viðburðir æskulýðsnefndar Geysis taldir upp.

Almennt reiðnámskeið fyrir börn og unglinga fór af stað í byrjun ferbrúar og voru þau vel sótt að venju. Námskeiðin voru haldin í Skeiðvangi Hvolsvelli, Rangárhöllinni á Hellu og Skeiðvöllum í uppsveitum Rangárþings Ytra (Holta og Landssveit). Fjöldi nemenda var um 55 og kennarar voru Fríða Hansen, Alma Gulla Matthíasdóttir og Jónína Lilja Pálmadóttir. Viðbót við þessi venjulegu reiðnámskeið sem fara fram vikulega í 12 vikur á hverjum vetri var einnig í gangi keppnishópur með keppni í hestaíþróttum (bæði íþróttakeppni og gæðingakeppni) að markmiði.

Einnig hefur Theresa Sundberg verið með reiðnámskeið á Hellu fyrir þá einstaklinga sem ekki hafa aðgang að hestum.

Krílahópurinn er klárlega krúttlegasti hópurinn en þetta námskeið er ætlað börnum frá aldrinum 2,5 – 5 ára og voru 5 börn skráð á þessa hittinga í vetur sem snúast um að eiga góða samverustund með hestinum og hafa gaman saman. Alma Gulla Matthíasdóttir sá um þennan hóp.

Uppskeruhátíð æskunnar var haldin í Rangárhöllinni í dag sunnudaginn 27.mars. Fjöldi barna og unglinga voru mætt ásamt foreldrum til að gleðjast saman og fóru yfir starfið 2021 ásamt kynningu á fjölbreyttri dagskrá æskulýðsnefndar 2022. Knapi Geysis 2021 - Elvar Þormarsson kom og hélt flott erindi um fjölbreyttni í hestamennskunni og mikilvægi í jákvæðni og samheldni innan hópsins sem myndi hjálpa til við uppbyggjandi sjálfstraust hvers og eins. Pizzur voru svo á boðstólnum.

Börn og unglingar fengu viðurkenningar og páskaegg fyrir þátttöku í starfinu á liðnu ári 2021. Einnig voru nýir farandsgripir veittir fyrir besta árangur 2021 í barnaflokki og unglingaflokki. En í þetta skiptið var það Dagur Sigurðsson sem fékk afreksbikarinn í barnaflokki og í unglingaflokki var það Jón Ársæll Bergmann



Æskulýðssýning Geysis var haldin 1.maí með mikilli eftirvæntingu og tókst frábærlega. Öll börn, unglingar og ungmenni sem taka þátt í starfi Geysis koma saman og taka þátt í þessari frábæru hestasýningu til að sýna afrakstur vetrarins.



Æskulýðssreiðtúr var farin í byrjun júní og var riðið niður á fjöru í Miðkoti. Fín mæting var.

Sumarnámskeið Geysis var haldið í Traðarási þriðja sumarið í röð. Skráningarna fór fram úr væntingum en utanaðkomandi börn eru farin að sækjast eftir námskeiðinu, sem er gott og gilt meðan pláss leyfir. Það var mikið riðið út og ofurhugar sundriðu og léku sér í ánni. Bæði börn og hestar efldu kjark, þol og þor eftir vikurnar.

Pollastund var með hefðbundnum hætti þetta árið en það er alltaf virkilega gaman að fylgjast með yngstu knöpunum æfa sig fyrir vetrarmótin. Þar mæta börn á öllum aldri sem hafa gaman af þrautabrautum, leikjum og samveru með jafnöldrum til að hittast og hafa gaman. Pollastundirnar eru um ein klukkustund og umsjón var í höndum Jónínu Lilju Pálmadóttir.

Ævintýraferð Geysis var farin annað árið í röð og var það um miðjan júní. Hugmynd ferðarinnar er að sýna börnum, unglingum og ungmennum hversu fjölbreytt hestamennskan er. Það hafa nefnilega ekki allir áhuga á því að keppa. Ferðin er sett upp þannig að öll börn, unglingar og ungmenni sem geta riðið sjálfir fara saman í hestaferð og gista eina nótt í skála. Aðsjálfssögðu fara örfáir fullorðnir með til að hafa yfirumsjón með hópnum. Um 20 börn, unglingar og ungmenni tóku þátt þetta árið. Riðið var frá Velli í Hvolhrepp og uppað Fossi á Rangárvöllum. Þar var grillaðir hamborgarar, borðað kvöldsnafl, spilað, leikið og sungið. Allir sváfu svo í flatsæng og svo vaknað þegar hentað og riðið til baka. Frábær skemmtun og samvera. Með þessum hætti kynnast krakkarnir bæði öðrum krökkum og einnig hestunum sínum á annan hátt en þessar venjubundnu útreiðar sem allir gera heima hjá sér. Er þetta vinsælt og mikil eftirvænting á hverju vori.



Landsmót hestamanna var haldið á Rangárbökkum við Helli í sumar 2022. Geysir hefur rétt til að senda 6 fulltrúa í hvern aldursflokk. Geysir náði að fylla alla flokka og átti einnig nokkra knapa sem komust inn á stöðulista. Sýnir þetta hvað hestamannafélagið Geysir stendur vel að öllu æskulýðsstarfi sem byggir undir þennan árangur ásamt þeim mikla áhuga hjá börnum, unglingum og ungmönnum til að taka þátt í keppnum og mátti sjá mikla þátttöku í úrtöku fyrir Landsmót.

Í barnaflokki sendi Geysir 10 knapa á LM og náðu 5 knapar í topp 30 og þrír af þeim í B-úrslit – 10.sæti, 12.sæti og 13.sæti og tveir knapar í A-úrslit – 2.sæti og 3.sæti

Í Unglingaflokki sendi Geysir 9 knapa á LM og náðu 8 knapar í topp 30 og einn af þeim í B-úrslit – 10.sæti og þrír knapar í A-úrslit – 8.sæti, 4.sæti og svo 1.sæti.

Í Ungmennaflokki sendi Geysir 6 knapa og náðu 3 knapar í topp 30 og einn af þeim í A-úrslit – 4.sæti.

Eins og sést á þessari upptalningu er staða Geysis á keppnisvælinum björt og gaman verður að fylgjast með þessum einstaklingum í framtíðinni.

Geysir gaf öllum börnum, unglingum og ungmönnum merktar ábreiður sem voru að keppa fyrir Geysi.

Það var Sigurður Steingrímsson sem varð landsmótssigurvegari í unglingaflokki.

Peysusala æskulýðsnefndar Geysis fór fram fyrir Landsmót og lagðist nýja peysan vel í félagsmenn á öllum aldri, en peysurnar eru með lógóinu að framan og mjög litríkar.

Takk fyrir okkur - Æskulýðsnefnd Geysis 2021 - 2022

Katrín Sigurðardóttir - Sarah M.Nielsen – Anna B. Indriðadóttir – Kristín Svandís Jónsdóttir – Majken Egumfeldt Jørgensen – Jakobína Agnes Valsdóttir – Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir – Sigríður Þyrí Þórarinsdóttir

